

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 350/1998, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

f.-liður 4. gr. reglugerðar nr. 350/1998, um Orðabók Háskólans fellur brott.  
g.-liður sömu greinar reglugerðarinnar verður liður f.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. háskólareglugerðar, nr. 98/1993, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 25. september 1998.*

**Björn Bjarnason.**

Stefán Baldursson.

Nr. 592

5. október 1998

## AUGLÝSING

### um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 193/1998, skal vera Dalvíkurbyggð.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 1998.*

**Páll Pétursson.**

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 593

5. október 1998

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps og fundarsköp bæjarstjórnar.

1. gr.

Í stað orðanna „sameinaðs sveitarfélags Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps“ í heiti samþykktarinnar kemur: Dalvíkurbyggðar.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 1998.*

F. h. r.  
**Sturlaugur Tómasson**

Sesselja Árnadóttir.

## REGLUR

**varðandi umsagnir vegna undanþágu frá ákvæðum 5. og 6. mgr. 23. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.**

### 1. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 8. mgr. 23. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Í samræmi við ofanefnda grein skal veiðimálastjóri setja reglur um umsagnir fagaðila vegna fiskræktar með aðfluttum stofnum og flutningi á hafbeitar- og eldisfiski til stangaveiði. Samkvæmt lögunum skal dýralæknir fisksjúkdóma veita framkvæmdaaðila umsögn varðandi fisksjúkdóma en Veiðimálastofnun gefa umsögn varðandi önnur áhrif viðkomandi framkvæmdar, þar með talda erfðablöndun. Umsagnir þessar skulu fylgja umsókn framkvæmdaaðila til veiðimálastjóra varðandi undanþágu frá ákvæðum 5. og 6. mgr. 23. greinar ofan nefndra laga.

### 2. gr.

Í samræmi við laganna hljóðan skulu umsagnaraðilar hver á sínu sviði vinna hnitmiðaða, hlutlæga og rökstudda greinargerð um líkleg áhrif fiskræktaraðgerða og/eða fiskflutnings á lífríki í viðkomandi veiðivatni eða nærliggjandi veiðivötnum til skemmri og lengri tíma litið. Skal í því tilfalli vísað til innlendra eða erlendra upplýsinga og vísindalegra gagna eftir því sem kostur er.

### 3. gr.

Innan sviðs fisksjúkdóma teljast smitsjúkdómar, sníkjudýr og faraldursfræði.

Til annarra þátta teljast áhrif erfðablöndunar laxfiska, samkeppni við náttúrulegan lax og aðra laxfiska á svæðinu og önnur vistfræðileg atriði, sem til greina koma, að frátöldum sjúkdómum.

### 4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 6. október 1998.*

**Árni Ísaksson** veiðimálastjóri.